

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1581*  
*komudagur 26. 3. 2004*

*Breiðafjarðarnefnd*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 26. mars 2004.

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum**

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um erindi umhverfisnefndar Alþingis dags. 2. mars 2004 þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, þingskjal 893, 594. mál, ernir, hreindýr, stjórnsýsla o.fl.

Eins og umhverfisnefnd Alþingis má vera kunnugt er áætlað að u.þ.b. 70% af öllu arnarvarpi á Íslandi sé innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Þar eru jafnframt umtalsverð hlunnindi af æðarfugli og er talið að um 28% allrar dúntekju á Íslandi sé við Breiðafjörð.

Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar Breiðafjarðarnefndar við áður nefnt frumvarp:

- Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við 1.gr. frumvarpsins, og telur til bóta að samræma lagatexta hvað varðar hugtakanotkun.
- Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við 2.gr. frumvarpsins að öðru leyti en því að nefndin telur eðlilegt að leitað verði umsagnar nefndarinnar ef aflétta á friðun á tegund innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.
- Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við 3. – 9. gr. frumvarpsins.
- Breiðafjarðarnefnd telur mjög brýnt að endurskoða 10. gr. frumvarpsins og að hún verði ekki að lögum óbreytt. Afar mörg álitamál er varða samskipti æðarbænda og landeigenda við erni á sameiginlegum búsvæðum þeirra eru óútkljáð, og að mati nefndarinnar vantar verulegar upplýsingar er varða erni og nýtingu æðarvarpa. Nefndin vill í þessu sambandi benda á tillögur þessa efnis sem kynntar voru í skýrslu umhverfisráðuneytisins “Tjón af völdum arna í æðarvörpum” sem gefin var út árið 1994, en þar kemur m.a. fram að vernda ætti **sum** arnarhreiður sérstaklega með t.d. 500 m hringmáli (sem er 78,5 ha). Telur nefndin áriðandi að gæta meðalhófs og ganga ekki lengra að þessu leyti en nauðsyn krefur.

## Úr skýrslu umhverfisráðuneytisins “Tjón af völdum arna í æðarvörpum” bls. 95-96.

### 1. Viðræður ríkisvalds og æðarbænda

Meðal annars ætti að ræða og reyna að ná samkomulagi um:

- A. Hvernig æðarbændur vilja að tjón sé metið.
- B. Skynsamleg tjónmörk til að miða við, ef kröfur eru gerðar um bætur.
- C. Leiðir til að koma á fót tryggingarsjóði til að bæta veruleg skakkaföll á æðarvarpi, þ.á m. tjón sem ernir kunna að valda.

Æskileg niðurstaða: kvartanir æðarbænda verði metnar sérstaklega, ef meint tjón er ofan viðmiðunarmarkna sem sett hafa verið. Til greina kemur að fela þetta mat gerðardómi sem í ættu sæti fulltrúar æðarbænda og umhverfisráðuneytisins, auk oddamanns.

### 2. Lagabreytingar og lögfræðileg álitamál

- A. Gera þarf ráð fyrir því í lögum að ríkið beri bótaskyldu fyrir a.m.k. sumt tjón sem afriðaðir fuglar kunna að valda.
- B. Athuga hvort leyfa eigi tilraunir til þess að hafa áhrif á hvar ernir verpa. Slíkar tilraunir yrði að framkvæma með sérstöku leyfi og undir eftirliti umhverfisráðuneytisins.
- C. Kanna hvort leyfa ætti tilraun með flutning arnarunga í aðra landshluta.
- D. Auka friðun arna og stuðla að bættum varpárangri, með því að draga úr mannaferðum og umsvifum í grennd við arnarhreiður á viðkvæmasta tímanum (apríl-júní). Til greina kemur að vernda **sum** arnarhreiður sérstakleg, t.d. takmarka umsvif innan 500 m hringmáls frá arnarhreiðrum. Í nokkrum Evrópulöndum eru sérstök verndarsvæði umhverfis arnarhreiður (Helander 1990a).

### 3. Rannsóknir, tilraunir og upplýsingaöflun

- A. Lagt er til að kanna í samvinnu við æðarbændur heimildir um dúntekju og hreiðrafföldu úr æðarvörpum þar sem mest hefur verið kvartað undan tjóni af völdum arna. Þetta er háð því að bændur haldi gott bókhald um varpið og séu reiðubúnir að láta gögn af hendi.
- B. Hingað til hafa engar skipulegar athuganir farið fram á hegðun arna í æðarvarpi. Lagt er til að fylgst verði með örnnum og æðarvarpi þar sem oftast hefur verið kvartað undan þeim. Reyna ætti að meta fjárhagslegt tjón sem fuglarnir kunna að valda og hvaða þættir hafa áhrif á tjónið. Hér er einkum haft í huga svæðið Miðhús-Reykhólar-Akureyjar á Breiðafirði, Þessar rannsóknir gætu verið fyrirmynd að aðgerðum til að meta og koma í veg fyrir tjón af völdum arna.
- C. Þróaðar verði aðferðir til að reka erni úr æðarvörpum (hræður, hljóð) og að ríkið kosti slíkar tilraunir. Allar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón af völdum arna eru háðar því að ernir verði ekki drepnir og varp þeirra ekki truflað eða eyðilagt. Mikill meirihluti kvartana um tjón af völdum arna snýst um flökkuerni en ekki varpfugla. Því ætti að kanna leiðir til þess að halda flökkuörnum frá þéttum æðarvörpum.
- D. Söfnun nákvæmra upplýsinga um dúntekju af öllu landinu er forsenda þess að hægt sé að meta og greiða fyrir tjón. Því er lagt til að á skipulegan hátt verði safnað upplýsingum um dúntekju á einstökum svæðum svo hægt sé að fylgjast með breytingum á æðarvarpi.

Breiðafjarðarnefnd hafa borist ábendingar um að mikillar óánægju gæti meðal bænda og landeigenda við Breiðafjörð vegna skorts á samráði við þá við gerð frumvarpsins. Það er mat nefndarinnar að mikilvægt sé að góð sátt náist um málefni er varða verndun og

sjálfbæra nýtingu á verndarsvæðinu og telur nauðsynlegt að tryggja að frumvarpið leiði ekki til ágreinings við bændur, aðila í ferðaþjónustu eða aðra heimamenn sem hagsmuna eiga að gæta. Nefndin telur vænlegast til að friðun arnarins nái tilætluðum árangri að hún sé gerð í sátt við þá sem landið byggja og eiga þar búsvæði með erninum.

Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að tekið sé á fleiri atriðum er þetta varða, s.s. hvernig friðunarsvæðin og ákvæði um friðlýsingu æðarvarpa fara saman. Einnig önnur atriði s.s. reglur um sinubrúna og gerð aðalskipulags á Breiðafirði m.a. með tilliti til skipulags ferðaþjónustu og annarrar atvinnustarfsemi.

Að lokum bendir nefndin á að ítrekað hefur komið fram að heimamenn vilja samráð um friðun og sátt um frumvarpið, sbr. frétt af fundi sem Æðarræktarfélag Snæfellinga hélt í Stykkishólmi á dögunum. Þá þakkar nefndin frest þann sem veittur var.

Einn nefndarmanna, Ævar Petersen, kvaðst ekki geta stutt nefndarálitið og mun skila séráliti til nefndasviðs Alþingis.

Virðingarfyllst,



Friðjón Þórðarson  
formaður